

# Ársskýrsla 2004

## Efnisyfirlit

Starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2004.....	3
Annað starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	3
Stjórn	3
Starfsmenn	3
Húsnæði og vinnuaðstaða	3
Þjónustusamningur við menntamálaráðuneytið	3
Fjárhagur	3
Samstarfsvettvangur ASÍ og SA.....	4
Húsfélag	4
Þjónustu- og samstarfssamningar	4
Verkefnasamningar	5
Markhópurinn.....	6
Námsráðgjöf á vinnustaðnum	6
Fræðslufulltrúar á vinnustaðum	6
Lestrarrannsókn	6
Námsleiðir fyrir fólk á vinnumarkaði .....	7
Skilgreiningar á menntunarbörfum	7
Námsskrárgerð eldri verkefna fyrir samstarfsaðila FA	7
Dreifing á námsskrám FA.	8
Gæði námsleiðanna	8
Mat á óformlegu námi og raunfærni .....	9
Mat á námsskrám	9
Upplýsingaöflun	10
Tilraunaverkefni	10
Námsferilsskrár	11
Upplýsingasöfnun og miðlun .....	11
Útgáfa	11
Fundir og ráðstefnur	11
Önnur verkefni .....	12
Samráðsfundir	12
Stofnun fullorðinsfræðslusamtaka	12
Norrænt verkefni um kennslu fyrir nýbúa í móðurmáli.	12
Nordiskt Nätverk för Vuxnas Lärande	12
Ungir landnemar	12
Fylgiskjöl .....	13
Almennir samningsskilmálar (óbreyttir frá síðasta ári)	13
Verkátætlun 2004	14
Markmið og árangur verkefna 2004	15
Yfirlit yfir verkefni hjá Mími-símenntun, sem haldin eru fyrir markhóp FA	15
Kennslufræðinámskeið á vegum FA	17
Þarfagreiningar á vegum FA	17
Metnar námsskrár á vegum FA	17
Raunfærni-verkefni á vegum FA	17
Önnur undirbúnings- og þjónustuverkefni 2004.	18
Samanburður á fjárhagsáætlun og rauntölum	20

## Starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2004

### *Annað starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins*

Árið 2004 er annað starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og um leið fyrsta heila starfsárið. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var opnuð formlega þann 21. nóvember 2003, en samningur við menntamálaráðuneytið var undirritaður í apríl 2003.

### *Stjórn*

Stjórnarmenn FA árið 2004 voru: Gústaf Adolf Skúlason, formaður, Gylfi Arnbjörnsson, varaformaður, Emil B. Karlsson, Finnbjörn A. Hermannsson, Garðar Vilhjálmsson og Ingi Bogi Bogason. Varamenn í stjórn voru: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fyrir hönd ASÍ og Jónína Gissurardóttir fyrir hönd SA.

Stjórnin hélt 9 stjórnarfundum á árinu. Auk þess var aðalfundur haldinn þann 28. maí og ársfundur þann 23. nóvember.

### *Starfsmenn*

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Ásmundur Hilmarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir og Sigrún Kristín Magnúsdóttir, sem hóf störf á miðju ári. Stöðugildi voru að meðaltali 4,9 á árinu, 4,4 í upphafi árs, en 5,7 í lok ársins. Haldnir voru 12 starfsmannafundir á árinu, ásamt fjölmörgum samráðsfundum færri starfsmanna um ýmis viðfangsefni.

### *Húsnæði og vinnuaðstaða*

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er til húsa á Grensásvegi 16a. Fræðslumiðstöðin leigir allt húsið og kennsluástöðu á Grensásvegi 16. Skrifstofa Fræðslumiðstöðvarinnar er á 2. hæð hússins. Fræðslumiðstöðin leigir samstarfsaðilum sínum skrifstofuhúsnæði og kennsluhúsnæði.

### *Þjónustusamningur við menntamálaráðuneytið*

Greinargerð um starfsemi ársins 2003 var send ráðuneytinu fyrir 1. apríl 2004, eins og þjónustusamningur kveður á um. Fundur var haldinn um greinargerðina í ráðuneytinu 28. maí.

Starfs- og verkáætlanir ásamt fjárhagsáætlun voru sendar inn til menntamálaráðuneytis eins og þjónustusamningur segir til um fyrir 1. september. Í framhaldi var haldinn samráðsfundur milli aðilanna þann 17. september. Fundinn sátu Karl Kristjánsson og Jens Pétur Hjaltested af hálfu ráðuneytisins og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

### *Fjárhagur*

Eins og fram kom í ársskýrslu síðasta árs var ákveðið að vanda undirbúning verkefna sem best og tók sá undirbúningur lengri tíma en gert var ráð fyrir.

Starfsemin fór því hægt af stað fyrri hluta ársins og var ekki komin á fullan skrið fyrr en á síðasta ársfjórðungi 2003.

Af framlögum greiddum á árinu 2003 var óráðstafað til verkefna kr. 20.400.000,- og var sú fjárhæð færð meðal skulda sem fyrirfram greiddar tekjur í ársreikningi 2003.

Unnin var ítarleg greiðsluáætlun fyrir annað starfsár félagsins. Tekjur og gjöld voru áætluð 74.640.800,-. Tekjur ársins 2004 urðu kr. 73.401.469,- eða rúmri einni milljón króna lægri en gert var ráð fyrir í áætlunum. (Vextir eru innifaldir í þessari tekjutölu) Nokkur seinkun hefur orðið á verkefnum og var því minni fjármunum varið til verkefnaráðningar starfsmanna og til kaupa á sérfræðiþjónustu en fyrirhugað var. Miðað við áramót var óráðstafað af framlagi ársins 2004 vegna launa, sérfræðiþjónustu og tengdum verkefnum kr. 6.500.000,- miðað við fjárhagsáætlun. Í ársreikningi 2004 var þessi fjárhæð auk frestaðra tekna frá fyrra ári færðar meðal skulda sem fyrirframgreiðslur. Gerð er grein fyrir verkefnum sem fluttust milli ára í greinargerðinni. Um frekari upplýsingar vísast í ársreikning félagsins.

## Samstarfsvettvangur ASÍ og SA

**FA er samstarfsvettvangur ASÍ og SA um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði sem mun eiga samstarf við menntamálaráðuneytið og ýmsar fræðslustofnanir. FA er einnig ætlað að þjóna sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. (Úr þjónustusamningi)**

### Húsfélag

Frá því Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók til starfa hefur hún deilt húsnæði með Mími-símenntun, sem hefur leigt skrifstofu- og kennsluhúsnæði af FA.

Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, flutti inn í sambýlið á Grensásvegi 16a frá og með áramótum 2004. LandsMennt, starfsmenntun Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni óskaði eftir aðstöðu í sambýlinu og flutti inn 1. október 2004.

Útbúin hefur verið vinnuástaða fyrir Símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni (KVASIR) í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Auk þess hafa Símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis fría fundaraðstöðu í húsakynnum FA samkvæmt samstarfssamningi aðilanna.

Settur hefur verið upp fjarfundarbúnaður og er hann tengdur FS netinu frá og með áramótunum 2004/2005. Þjónustan mun verða kynnt fyrir samstarfsaðilum FA í ársbyrjun 2005.

Í árslok hófust viðræður við fræðslumiðstöðvarnar á Hallveigarstíg 1 um húsnæðissamvinnu í framtíðinni.

### Þjónustu- og samstarfssamningar

Samningur var gerður við Mími-símenntun 30. október árið 2003. Á árinu 2004 bættust við samningar við eftirtalda aðila:

Samtök verslunar- og þjónustu og Verzlunarmannafélag Reykjavíkur um þarfagreiningu, skipulag náms, innihaldslýsingar og námsskrárgerð undirritaður 29. apríl.

Samtök verslunar- og þjónustu, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og Verzlunarskóla Íslands um mat á óformlegu námi, kennslufræðinámskeið, verkefnisstjórnun og eftirfylgni, árangursmælingar og endurskoðun vegna tilrauna-verkefnis í verslunarfagnámi undirritaður 9. september.

Símenntunarmiðstöðvarnar innan Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni um samstarf með það meginmarkmið að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á viðkomandi svæðum undirritaður 12. nóvember.

Menntafélag byggingariðnaðarins um námsskrárgerð, aðstoð við fjármögnun og mat á óformlegu námi fyrir byggingarverkamenn undirritaður 17. nóvember.

Nordiskt nätverk för vuxnas lärande um að vera fulltrúi Íslands í norrænu neti, NVL, frá 1.1.2005-31.12.2006 undirritaður 20. desember.

### **Verkefnasamningar**

Við Landssíma Íslands vegna námsefnisgerðar um fjarfundarbúnað og notkun hans til kennslu undirritaður 31. mars.

Við Mími-símenntun um þarfagreiningu og námsskrárgerð í verkefninu Fiskur og ferðapjónusta undirritaður 7. júní.

Við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum vegna námsskrárgerðar fyrir starfsmenn við laugar, lindir og böð (Bláa lóns skólinn) undirritaður 18. nóvember.

Við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um námsskrárgerð fyrir starfsmenn í umönnun aldraðra og sjúkra undirritaður 18. nóvember.

Við Menntafélag byggingariðnaðarins um námsskrárgerð vegna þriggja námsleiða fyrir almenna byggingarverkamenn, vega- og jarðvegssvið, framleiðslusvið og húsbyggingarsvið undirritaður 28. desember.

Við Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar um þarfagreiningu vegna núverandi námskeiða Starfsfræðslunefndarinnar undirritaður 29. desember.

## Markhópurinn

**Meginmarkmiðið samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. (Úr þjónustusamningi).**

Nauðsynlegt er að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hafi góðar vísbendingar um markhópinn, stærð hans, dreifingu um landið, dreifingu á starfsgreinar, atvinnuleysi, hlutfall nýbúa og hvaðan þeir koma, stöðu markhópsins út frá námslegum forsendum og/eða stöðu í grunngreinum. Einnig er mikilvægt að þekkja vel þarfir markhópsins, hversu mikill áhugi er fyrir námi, er hægt að auka þennan áhuga með hvatningu og stuðningi? Vantar upplýsingar um möguleika til náms? Það er ljóst að ýmsar hindranir geta verið í veginum fyrir fullorðið fólk að hefja nám að nýju, einkum fyrir þá sem hafa skemmsta skólagöngu. Náms- og starfsráðgjöf er mikilvægur þáttur í að afla þessara upplýsinga, en einnig til að styðja og hvetja einstaklinga til náms.

FA hefur leitað eftir upplýsingum um markhópinn m.a. frá Hagstofu Íslands og Eflingu-stéttarfélagi, sem er eitt stærsta stéttarfélag verkafólks á Íslandi. Gerð er grein fyrir þessum upplýsingum í Gátt, ársriti FA.

### **Námsráðgjöf á vinnustaðnum**

FA hefur tekið þátt í "Námsráðgjöf á vinnustaðnum", verkefni Mímis-símenntunar í samstarfi við Starfsafl, Eflingu-stéttarfélag og nokkur fyrirtæki og stofnanir styrkt af Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Í verkefninu er lögð áhersla á að ná til verkafólks með námsráðgjöf. Í upphafi er aðaláhersla á að leita leiða til að nálgast hópinn. Jafnframt er upplýsingum safnað um þarfir og áhugasvið markhópsins. Þessi snerting við markhópinn er mjög mikilvæg fyrir starfsemi FA. 73 manns komu í einstaklingsráðgjöf, sumir þeirra komu tvisvar eða oftár í ráðgjöf. Fjóla María Lárusdóttir, náms- og starfsráðgjafi FA gerir grein fyrir verkefninu í Gátt.

### **Fræðslufulltrúar á vinnustöðum**

Í undirbúningi er verkefni sem varðar menntun fræðslufulltrúa á vinnustöðum. Um er að ræða erlent samstarfsverkefni, sem Efling-stéttarfélag tekur þátt í. Hlutverk FA er að þjálfa starfsmenn fyrirtækja til að vera fræðslufulltrúar og tengiliðir við verkafólk á vinnustöðunum. Niðurstöður úr verkefninu munu liggja fyrir á næsta ári.

### **Lestrarrannsókn**

FA tók þátt í lestrarrannsókn með Elísabetu Arnardóttur og Guðmundi Kristmundssyni ásamt fleiri aðilum. Niðurstöður eru ekki tilbúnar en í Gátt birtist grein með upplýsingum um rannsóknina, markmið hennar og niðurstöður úr könnun á lestrarvenjum, sem lögð var fyrir samhliða. Annarra niðurstaðna er að vænta á árinu 2005.

## Námsleiðir fyrir fólk á vinnumarkaði

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, óháð búsetu á landinu. Jafnframt ber Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að styðja fræðsluaðila við að skilgreina menntunarþarfir markhópa og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þeim þörfum. (Úr þjónustusamningi)

### *Skilgreiningar á menntunarþörfum*

Þarfagreining var unnin fyrir SVP, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og nokkur stór verslunarfyrirtæki Hagkaup, Kaupás, Húsasmiðjuna og Samkaup vegna fagnáms í verslunarfræðum. Þarfagreiningunni lauk í apríl 2004 og hófst þá námsskrárgerð. Námsskrá var tilbúin til tilraunakeyrslu í lok ársins. Um er að ræða nám, sem er 676 klukkustundir að lengd og fer fram á vinnutíma starfsfólks að jöfnu á vinnustað og í skóla. Vinnustaðanámið er skipulagt og fer fram undir leiðsögn starfsþjálfara. Tilraunanám hefst í ársbyrjun 2005 fyrir starfsmenn þeirra fyrirtækja, sem komu að undirbúningi námsins.

Þarfagreining var unnin fyrir verkefnið "Fiskur og ferðaþjónusta", sem er samstarfsverkefni Mímis-símenntunar, Starfsgreinasambands Íslands, Verkalýðsfélags Húsavíkur, Markhús og nokkurra fyrirtækja á Húsavík með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Samstarf tókst við Fræþing um notkun MARKVISS við þarfagreininguna. Þarfagreining dróst nokkuð á langinn, en lauk um mánaðarmótin nóvember/desember, en þá tók við námsskrárgerð. Tilraunanám hefst í ársbyrjun 2005 fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu á Húsavík á vegum Mímis-símenntunar í samstarfi við Fræþing.

Framkvæmd var þarfagreining vegna fiskvinnslunámskeiða fyrir Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar í lok ársins. Leitað var til MARKVISS ráðgjafa hjá 7 símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Farið var í 8 fiskvinnslufyrirtæki og kannaðar fræðsluþarfir starfsmannanna og fyrirtækjanna vegna núverandi fyrirkomulags grunnnámskeiða Starfsfræðslunefndarinnar. Niðurstöðum var skilað í skýrsluformi til Starfsfræðslunefndarinnar um áramótin.

### *Námsskrárgerð eldri verkefna fyrir samstarfsaðila FA*

Markmiðið er að gera námsleiðir fyrir markhóp FA aðgengilegar og gagnsæar með það fyrir augum að hægt sé að fá þær metnar til eininga, tryggja framkvæmd samstarfsaðilans á eigin svæði en leitast jafnframt við að auðvelda framkvæmd sem víðast á landinu. Vegna seinkunar á samningum við fræðsluaðila varð þetta starf minna en til stóð í áætlunum.

Á árinu 2004 var lokið námsskrárgerð vegna fimm námsleiða á vegum Mímis-símenntunar. Þær eru:

Grunnmenntaskólinn í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag og starfsræktur af þeim með styrk frá fræðslusjóðum sem Efling stendur að ásamt atvinnurekendum á almennum markaði, ríki og sveitarfélögum. Grunnmenntaskólinn hefur verið starfræktur frá árinu 2001 og er 300 kennslustundir að lengd.

Jarðlagnatækni undir forystu Samorku í samstarfi við aðila frá vatnsveitum, hitaveitum, rafveitum, Símanum og Eflingu-stéttarfélagi ásamt fleiri aðilum. Mímir-símenntun hefur séð um rekstur námsins sem hefur verið styrkt af fræðslusjóðunum Starfsafli og Landsmennt, öðrum fræðslusjóðum Eflingar-stéttarfélags og atvinnurekenda ásamt Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Nám í Jarðlagnatækni hefur verið starfrækt frá árinu 1998 og er 300 kennslustundir að lengd.

Landnemaskólinn í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag með styrk frá fræðslusjóðum sem Efling-stéttarfélag stendur að ásamt atvinnurekendum á almennum markaði, ríki og sveitarfélögum ásamt styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Landnemaskólinn hefur verið starfræktur frá árinu 2002 og er 120 kennslustundir að lengd.

MFA-skólinn var starfræktur í samstarfi við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og kostaður af henni lengst af. Í samstarfi við aðrar svæðisskrifstofur vinnumiðlunar hefur skólinn verið haldinn á Akureyri, Sauðárkróki og í Keflavík. Skólinn var starfræktur á árunum 1993-2003. MFA-skólinn er 350 kennslustundir að lengd.

“Aftur í nám” sem haldið var í fyrsta sinn árið 2004 með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins og síðan með styrkjum frá Starfsafli, Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og fræðslusjóðum Eflingar-stéttarfélags og atvinnurekenda. Námið er 95 kennslustundir að lengd.

Námsskrárnar hafa verið gefnar út og þær má einnig finna á vef FA [www.frae.is](http://www.frae.is).

### ***Dreifing á námsskrám FA.***

Markmiðið er að koma tilbúnum námsleiðum á framfæri við samstarfsaðila FA, svo þær standi markhópi FA til boða óháð búsetu. Í þessu skyni eru útgefnar námsskrár sendar til allra samstarfsaðila FA. Þær eru einnig birtar á vef FA.

FA mun aðstoða samstarfsaðila sína við að finna leiðir til fjármögnunar á námsleiðunum. Þar sem fyrstu námsskrárnar komu ekki út fyrr en seint á árinu 2004 tókst ekki að hrinda þeim í framkvæmd víðar en hjá upphafsáðilum þeirra. Enn er því nokkur seinkun á þessum lið.

### ***Gæði námsleiðanna***

Mikilvægt er að framkvæmd námsleiðanna sé af bestu gæðum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun **ekki** sjá um framkvæmd þeirra. Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að tryggja að gæði fræðslunnar séu sem allra best. Í þessu skyni er gerð krafa á samstarfsaðila FA um að þeir framfylgi almennum samnings-skilmálum FA, m.a. um gæði í framkvæmd og kennslu. (sjá fylgiskjal) Til að sinna þessu hefur verið unnið að eftirfarandi verkefnum:

Byggð hefur verið upp kennslufræðimiðstöð í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Hópur sérfræðinga er FA til ráðuneytis um kennslufræðileg málefni. Hópin skipa Hróbjartur Árnason, KHÍ, Guðrún Geirsdóttir, HÍ og Anna Þóra Baldursdóttir, HA. Sérfræðingahópur FA hittist þrisvar á árinu, 20. febrúar, 16. apríl og 6. ágúst.

FA býður samstarfsaðilum sínum upp á námskeið um kennslufræði fullorðinna. Skipulagt hefur verið eitt grunnnámskeið "Stiklur" og hafa verið haldin fjögur námskeið, þrjú fyrir Mími-símenntun og eitt námskeið fyrir Verzlunarskóla Íslands. Lýsing á Stiklum og öðrum mögulegum námskeiðum er á heimasíðu FA. [www.frae.is](http://www.frae.is)

Útbúið var námsefni um kennslu í fjarfundarbúnaði í samstarfi við Símann. Námsefnið verður sett á vef FA snemma árs 2005. Námsefnið er á vef Símans.

Byggt hefur verið upp gagnasafn um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í húsa- kynnum FA.

Gæðakröfur voru skilgreindar vegna tilraunanáms í verslunarfagnámi í Verzlunarskóla Íslands. Vegna seinkunar á samningum við fræðsluaðila seinkaði undirbúningi og vinnslu við almenna gæðastaðla í fullorðinsfræðslu.

Fulltrúi FA tekur þátt í undirbúningshópi í ALL verkefninu, sem er erlent samstarfsverkefni á vegum Menntar. Í verkefninu mun verða lýst kerfi um vottun fræðsluaðila og er þetta verkefni því nátengt hlutverki FA. Haldnir voru tveir fundir í faghópnum á árinu.

## Mat á óformlegu námi og raunfærni

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skal aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við mat á námi og námsárangri, þ.m.t. mat og vottun á óformlegu námi og starfsþjálfun í samstarfi við atvinnulífið og fræðsluaðila. Einnig að taka þátt í að þróa aðferðir við uppbyggingu námsferilskrár fyrir einstaklinga í markhópnum. (Úr þjónustusamningi)**

Undirbúningur hófst að mati á óformlegu námi og raunfærni haustið 2003 með tilnefningu menntamálaráðuneytis í hóp til að fjalla um málið. Í hópnum eru Ólafur Grétar Kristjánsson og Þórir Ólafsson frá menntamálaráðuneytinu, Sölvi Sveinsson, fyrir hönd Félags framhaldsskóla, og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, FA. Hópurinn hélt sex fundi á árinu 2004 og lagði til að menntamálaráðuneytið staðfesti mat á 6 námsskrám til styttingar á námi í framhaldsskóla.

### Mat á námsskrám

Í september staðfesti menntamálaráðuneytið að meta mætti til styttingar á námi í framhaldsskóla með þeim hætti sem matsnefndin gerði tillögu um, nokkrar námsleiðir frá Mími-símenntun. Ráðuneytið ritaði framhaldsskólunum bréf um málið, en mat á námi á framhaldsskólastigi er í höndum skólameistara og er það ávallt einstaklingsbundið. Þau námstilboð sem fengu mat eru: Grunnmenntaskólinn, sem metinn er til allt að 24 eininga, Landnemaskólinn til allt að 10 eininga, Jarðlagnatækni til allt að 24 eininga, MFA-skólinn til allt að 27 eininga og "Aftur í nám" til allt að 7 eininga. Framhaldsskólum var tilkynnt um matið í bréfi frá menntamálaráðuneytinu.

Í desember staðfesti menntamálaráðuneytið að meta mætti með sama hætti verslunarfagnám til styttingar á námi í framhaldsskóla til 51 einingar. Í ljósi þess

að verslunarfagnamið er tilraunaverkefni er beðið með að tilkynna formlega um mat ráðuneytisins þar til niðurstöður tilraunarinnar liggja fyrir.

### **Upplýsingaöflun**

Í ársbyrjun 2004 kom Torild Nilsen Mohn frá VOX í Noregi í heimsókn til FA. VOX er sá aðili í Noregi sem hefur haldið utan um raunfærni-verkefnið þar í landi, en Norðmenn hafa stigið ákveðnari skref í þessari þróun en flestir aðrir. Torild vann með starfsmönnum FA og hélt einnig fyrirlestur fyrir fleiri aðila. Í maí fór Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA, til Bordeaux í Frakklandi á ráðstefnu Leonardo da Vinci prógrammsins um "Transparency, assessment and validation of knowledge". Í maí fóru Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Fjóla María Lárusdóttir, náms- og starfsráðgjafi FA í kynnisferð með Starfsmenntaráði félagsmálaráðuneytisins til Skotlands. Áherslan í ferðinni var mat á raunfærni, skoska kerfið var kynnt og starfsemi ýmissa aðila sem koma að matinu eða vinna skyld verkefni. Í júní fór Guðmunda Kristinsdóttir, sérfræðingur hjá FA, í Cedefop námsferð til Englands. Námsferðin bar nafnið "Recognition of formal, non-formal and informal learning". Í september fór Fjóla María Lárusdóttir í mannaskiptaferð á vegum Leonardo til Svíþjóðar og Danmerkur og heimsótti aðila sem hafa verið að vinna að mati á raunfærni í þessum löndum. Agnethe Nordentoft frá DPU í Danmörku hélt fyrirlestur um raunfærni á ársfundi FA í nóvember.

### **Tilraunaverkefni**

Tilraunaverkefni var unnið í samstarfi við Símann, Eflingu-stéttarfélag, Iðnskólann í Reykjavík og Starfsafl um mat á færni verkamanna hjá Símanum inn í símsmiðanám í Iðnskólanum. Því lýkur ekki fyrr en árið 2005.

Tilraunaverkefni var unnið í samstarfi við Átak gegn atvinnuleysi á Suðurnesjum, Fjölbautarskóla Suðurnesja og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Færnisráning var gerð og einstaklingsviðtöl framkvæmd hjá u.þ.b. 8 manns. Möguleiki var á mati inn í Fjölbautarskóla Suðurnesja.

Tilraunaverkefni var unnið í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag, geðsvið Landspítala-háskólasjúkrahúss og Mími-símenntun vegna mats á starfsmönnum inn í félagsliðabrunna. Starfsmenn fóru í færnimöppugerð. Verkefninu er ólokið.

Þátttaka í undirbúningshópi fyrir tilraunaverkefni Mímis-símenntunar í samstarfi við fræðslumiðstöðvar iðngreina, Borgarholtsskóla og Iðnskólann í Reykjavík með styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins þar sem leitað verður leiða til að meta raunfærni starfsmanna í iðngreinum, sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi og finna leið fyrir þá til að ljúka námi. Haldnir voru 3 fundir til undirbúnings verkefninu.

Þátttaka í norrænu verkefni (neti) ásamt Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi með dönskum, norskum og sænskum fullorðinsfræðsluaðilum um skráningu á raunfærni í almennri símenntun og alþýðufræðslu. Haldinn var einn fundur í Kaupmannahöfn 2.-3. nóvember.

Í byrjun október var lögð inn forumsókn um tilraunaverkefni til Leonardo skrifstofunnar á Íslandi, þar sem markmiðið er að lýsa aðferðum og framleiða

tæki til raunfærnimats, ásamt því að byggja upp ráðgjöf og aðkomu fyrirtækja að raunfærnisráningu. Verkefnið verður unnið í samstarfi við aðila m.a. í Danmörku og Svíþjóð. Íslensku aðilarnir eru ásamt FA, Starfsgreinaráð í fjármála og verslunargreinum, SÍB, Landsbankinn, Íslandsbanki. Forumsóknin fékk mjög gott mat og verður endanleg umsókn send inn fyrir 11. febrúar 2005.

### **Námsferilsskrár**

Markmið með uppbyggingu námsferilsskráa er að finna auðvelda leið til að halda utan um námsferil einstaklinga í formlegu og óformlegu námi, ásamt því að halda jafnframt utan um raunfærnimat einstaklinga, jafngildingu mats miðað við formlegt nám, staðfesta færni á vinnumarkaði og hugsanlega einnig aðra færni, sem ekki hefur verið metin né staðfest. Þetta verkefni er skammt á veg komið, en þó var stigið eftirfarandi skref á árinu:

Forgreining á upplýsingakerfi vegna utanumhalds á nemum og námi var framkvæmd af Bjarna Júlíussyni hjá Framnesi. Lagt er til að byggt verði á Innu þegar gagnagrunnur verður hannaður fyrir FA.

## **Upplýsingasöfnun og miðlun**

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skal annast almenna upplýsingagjöf um fræðslumál og söfnun og miðlun upplýsinga fyrir markhópana. (Úr þjónustusamningi)**

Með tímanum og auknum árangri í starfsemi FA er nauðsynlegt að hefja kynningarstarf á starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar. Auk uppsetningar og viðhalds á heimasíðu, ýmissa kynningarfunda og viðtala í dagblöðum, félagsblöðum og útvarpi eru helstu bautarsteinar í kynningarmálum:

### **Útgáfa**

Útgáfa á þeim námsskrám sem hafa verið metnar til eininga á framhaldsskólastigi. Þetta eru námsleiðir Mímis-símenntunar Grunnmenntaskólinn, Landnemaskólinn, Jarðlagnatækni, MFA-skólinn og "Aftur í nám". Þessar námsskrár eru einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar [www.frae.is](http://www.frae.is)

Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins GÁTT er liður í kynningu á málefnum þeim sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið falið að vinna að. Gátt er vandað rit tæpar 100 síður að lengd. Ritið var sent mjög víða, m.a. til framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva og bókasafna. Ársritið er einnig á vef Fræðslumiðstöðvarinnar [www.frae.is](http://www.frae.is)

### **Fundir og ráðstefnur**

Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn 23. nóvember á Hótel Nordica. Fundinn sátu 80 manns. Fundarefni var mat á raunfærni. Nokkrir fyrirlesarar bæði innlendir og erlendir fjölluðu um nám og mat á raunfærni.

Ráðstefna um símenntun var haldin 26. mars í samstarfi Rannsóknarþjónustu Háskólans, ASÍ, SA, menntamálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins með styrk frá Leonardo menntaáætluninni. Ráðstefnan fjallaði um mat á raunfærni og fjármögnun náms. Ráðstefnuna sátu um 90 manns.

Fjöldi annarra kynningarfunda var haldinn af starfsmönnum FA og er gerð grein fyrir þeim í fylgiskjali: Önnur undirbúnings- og þjónustuverkefni 2004.

## Önnur verkefni

### *Samráðsfundir*

Framkvæmdastjóri FA leitaði eftir því við Jón Torfa Jónasson að vera Fræðslumiðstöðinni til sérfræðilegrar aðstoðar og leiðbeininga um ýmis fagleg mál. Haldinn var fundur með Jóni Torfa 6. desember s.l. Á fundinum var gerð tilraun til að meta starfsemi fyrsta ársins í lífi FA og horfa til framtíðarverkefna.

Eyjólfur Bjarnason og Þórdís Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafar í FÁ komu til fundar við fulltrúa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins þann 13. desember til skrafs og ráðagerða vegna mats á óformlegu námi og þeim námsleiðum sem metnar hafa verið á vegum FA.

### *Stofnun fullorðinsfræðslusamtaka*

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur tekið þátt í vinnu við að undirbúa stofnun fullorðinsfræðslusamtaka á Íslandi. Haldnir voru 6 fundir á árinu. Stefnt er að stofnun samtakanna vorið 2005.

### *Norrænt verkefni um kennslu fyrir nýbúa í móðurmáli.*

Fulltrúi FA, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, sat í stýrihópi verkefnisins sem var í umsjón Mímis-símenntunar. Fulltrúar stýrihóps voru frá Eflingu-stéttarfélagi, Símenntunarmiðstöð Vestfjarða, Mími-símenntun, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og menntamálaráðuneytinu. Haldnir voru 3 fundir.

### *Nordiskt Nätverk för Vuxnas Lärande*

Fulltrúi FA, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, fór á fund til Hässleholm í Svíþjóð til viðtals við SVL (Styrgruppen för vuxnas lärande) vegna samnings um aðkomu FA að NVL (Nordiskt Nätverk för Vuxnas Lärande).

### *Ungir landnemar*

Þátttaka í undirbúningshópi verkefnisins Ungir landnemar, sem Mímir-símenntun annast fyrir styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Í undirbúningshópi voru aðilar frá Alþjóðahúsinu, Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og Eflingu-stéttarfélagi ásamt fulltrúum Mímis-símenntunar og FA.

## Fylgiskjöl

### *Almennir samningsskilmálar (óbreyttir frá síðasta ári)*

- 1) Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er samstarfsvettvangur ASÍ og SA. Hún er m.a. fjármögnuð af opinberu fé samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið og skal starfa til almannaheilla óháð búsetu. Öll verkefni og framkvæmd þeirra skulu samrýmast samþykktum FA og þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.
- 2) Framfylgt verði formlegu gæðakerfi og gæðamati sem FA þróar og/eða viðurkennir á hverjum tíma.
- 3) Framfylgt verði skilgreindum kennslufræðilegum kröfum sem FA þróar og/eða viðurkennir.
- 4) Fyllstu upplýsingar um verkefni og framkvæmd séu jafnan aðgengilegar.
- 5) Upplýsingar um verkefni og framkvæmd séu lagðar fram með þeim hætti sem FA fer fram á.
- 6) FA sé getið í allri kynningu og kynningargögnum vegna sameiginlegra verkefna.
- 7) Tryggð séu réttindi og aðstaða námsmanna til að ljúka skilgreindu námi eða námsáfangi á tilsettum tíma hverju sinni.

## Verkætlan 2004

### Verkefna- og starfsáætlun 2. starfsár

Starfið:	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
Vefur - heimasíða	[Gráur blokk]											
Samráðsfundur í Menntamálar.	[Gráur blokk]											
Skila starfs- og verkætlan 2005 - MRN	[Gulur blokk]											
Skila fjárhagsáætlun 2005 - MRN	[Gulur blokk]											
Fundur með símenntunarmiðstöðvum	[Gráur blokk]											
Endurskoða þjónustusamninga	[Gráur blokk]											
Samantekt á tölfræði 2003	[Gráur blokk]											
Ársreikningur til MRN	[Gulur blokk]											
<b>Húsfélag</b>	[Gráur blokk]											
Fá fræðsluáðila inn í húsnæðið	[Gráur blokk]											
Húsnæðismál til framtíðar	[Gráur blokk]											
<b>Gæðastjórnunarkerfi FA</b>	[Gráur blokk]											
<b>Þarfagreiningar-námsskrágerð - ný:</b>	[Gráur blokk]											
Greining markhópa	[Gráur blokk]											
Frumkvæði FA að setja í gang verkefni	[Gráur blokk]											
Móttaka og úrvinnsla erinda	[Gráur blokk]											
"Fiskur og ferðaþjónusta"	[Gráur blokk]											
Ljúka vinnslu á verkefnum fyrra árs	[Gulur blokk]											
<b>Námsskrágerð eldri verkefna:</b>	[Gráur blokk]											
Vinna námsskrár skv. þjónustusamn.	[Gráur blokk]											
Setja námsskrár inn á vefinn	[Gráur blokk]											
<b>Gátt v. framkvæmdar tilbúinna námsk.</b>	[Gráur blokk]											
<b>Námsráðgjöf</b>	[Gráur blokk]											
"Námsráðgjöf á vinnustaðnum"	[Gráur blokk]											
Upplýsingasöfnun	[Gráur blokk]											
Leit að samstarfsverkefnum	[Gráur blokk]											
<b>Kennslufræði</b>	[Gráur blokk]											
Stefnumótunarvinna / undirbúningur	[Gráur blokk]											
Fyrstu námskeið	[Gulur blokk]											
<b>Mat á raunfærni og óforml. námi</b>	[Gráur blokk]											
Stefnumótunarvinna	[Gráur blokk]											
Niðurstöður	[Gulur blokk]											
<b>Nemendabókhald - námsferilsskrár</b>	[Gráur blokk]											
Undirbúningsvinna	[Gráur blokk]											
<b>Gagnagrunnur um námstækifæri</b>	[Gráur blokk]											
Undirbúningsvinna	[Gráur blokk]											
<b>Samstarfsverkefni:</b>	[Gráur blokk]											
Ráðstefna um símenntun - Ranns.þj.	[Gráur blokk]											
Vottun fræðsluáðila - Mennt	[Gráur blokk]											
<b>Námsefnisgerð:</b>	[Gráur blokk]											
Undirbúningsvinna	[Gráur blokk]											

Skýring á litum:

Grái liturinn táknar samfellda vinnu að verkefnum.

Gulur liturinn táknar afurðir eða niðurstöður.

## Markmið og árangur verkefna 2004

Tegund verkefnis	2004	Fjöldi verkefna	Fjöldi einst.	Stærð markh.	Meðal-fjöldi kest	Nemst. samtals
Fræðsla annarra aðila, sem FA þjónustar	Áætlun	20	100		100	20.000
	Framkv.	50	686		28	21.788
Námskeið sem FA annast	Áætlun	3	30		20	600
	Framkv.	4	39		20	780
Parfaggreiningar	Áætlun	2	0	5.000	40	20.000
	Framkv.	3	33 í tilr.-verkefni	15.000	657	24.180
Ráðgjöf	Áætlun	1	50		1	50
	Framkv.	1	73		1,6	115
Önnur undirbúnings- og þjónustuverkefni	Áætlun	2	100		10	1.000
	Framkv.	37	569		2,1	1.077
Metnar námsskrár	Áætlun	0	0	0	0	0
	Framkv.	6	0	23.500	363	
Raunfærni ráðgjöf	Áætlun	0	0	0	0	0
	Framkv.	3	59		11	349

## Yfirlit yfir verkefni hjá Mími-símenntun, sem haldin eru fyrir markhóp FA

Almenn námskeið	Konur	Karlar	Kst.	Nem.st.
Grunnmenntaskólinn, seinni hluti	13	3	127,5	2.040
Grunnmenntaskólinn, fyrri hluti	13	4	150	2.550
Þjónustunámsk.	10	101	5	555
<b>Símenntun olíufélagana og Starfsafls</b>				
Tölvugrunnur	4	5	22	198
Öryggi í framkomu	10	5	10	150
Enska fag- og talmál	1	1	20	40
Tölvun þér til ánægju	1	2	12	36
Um bílinn	6	2	12	96
Excel fyrir byrjendur	6	3	22	198
Áttu stafræna myndavél	5	2	8	56
<b>Starfsmenntanámskeið</b>				
Aftur í nám	7	4	80	880
Aftur í nám (64 kst.)	3	9	64	768

Lesblinda/íslenska		1	14	14
Námstækni og íslenska	<b>engin</b>	<b>nafna-</b>		
Ræsting	30	4	4	136
GPS námsk.		7	5	35
Fagnámskeið I	59	2	50	3.050
Fagnámskeið II	53	1	80	4.320
Félagliðar á geðsviði	3	6	83	747
<b>Námskeið fyrir atvinnulaust fólk</b>				
Kvennasmiðjan	9		112	1.008
"	10		112	1.120
Karlasmiðjan		8	8	64
Sjálfsstyrking	2		20	40
<b>Námskeið fyrir innflytjendur</b>				
Íslenskunámskeið (2 hópar)	16		24	384
Íslenska I	4	4	20	160
Íslenska, frh.	5	3	20	160
Íslenska I	5	4	20	180
Íslenska I (maínámsk.)	7	2	18	162
Íslenska I (júninámsk.)	5	0	18	90
Íslenska frh.	6	1	18	126
Íslenska I	5	2	18	126
Íslenska I	5	7	18	216
Íslenska frh.	2	6	18	144
Íslenska II	6	6	18	216
<b>Ungir landnemar, klárast 2005</b>				
<b>Námskeið fyrir fanga</b>				
Tölvur og Internet		15	3	45
Raunfærni		6	3	18
Atvinnuviðtalið	1	8	3	27
Matreiðslunámskeið		11	3	33
Sjálfsfelling		10	20	200
Vinumarkaðurinn		7	8	56
<b>Námskeið fyrir stéttarfélag og fl.</b>				
Sjálfsstyrking I	12	1	12	156
Framsögn og framkoma	4	1	12	60
Sjálfsstyrking I	12		12	144
Sjálfsstyrking (2 námsk.)	25	5	12	360
Sjálfsstyrking II	7		12	84
Sjálfsstyrking II	5		12	60
Sjálfsstyrking	14	1	12	180
Sjálfsstyrking	4	3	12	84
Framsögn og framkoma		6	12	72
Sjálfsstyrking II	10	2	12	144
	<b>405</b>	<b>281</b>	<b>1.391</b>	<b>21.788</b>

## Kennslufræðinámskeið á vegum FA

	Konur	Karlar	Kennslust.	Nem.st.
Stiklur 012004	6		20	160
Stiklur 022004	10	2	20	240
Stiklur 032004	9	4	20	260
Stiklur 042004	5	1	20	120
<b>Samtals:</b>	<b>30</b>	<b>9</b>	<b>80</b>	<b>780</b>
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>39</b>			
<b>Fjöldi námskeiða:</b>	<b>4</b>			
<b>Meðallengd námskeiðs:</b>	<b>20</b>			

## Þarfagreiningar á vegum FA

	Stærð markhóps	Einstakl. í tilrauna- verkefni	Kest.	Nem.st.
Verslunarfagnám – nám í skóla	7000	20	507	10140
“ starfsþjálfun			507	10140
Fiskur og ferðapjónusta	3000	13	300	3900
Fiskvinnslunámskeið starfsfræðslunefndarinnar	5000	Ólokið		
<b>Samtals:</b>	<b>15000</b>	<b>33</b>	<b>1317</b>	<b>24180</b>
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>33</b>			
<b>Fjöldi þarfagreininga:</b>	<b>3</b>			
<b>Meðallengd námskeiðs:</b>	<b>657</b>			

## Metnar námsskrár á vegum FA

Heiti námsleiðar	Stærð markhóps	Lengd námsleiðar
Verslunarfagnám	7.000	1.014
Grunnmenntaskólinn	10.000	300
Landnemaskólinn f. nýbúa	3.000	120
Jarðlagnatækni	500	300
MFA-skólinn f. atvinnulausa	2.000	350
Aftur í nám f. lesblinda	3.000	95
<b>Samtals:</b>	<b>23.500</b>	
<b>Meðaltal:</b>		<b>363</b>

## Raunfærniverkefni á vegum FA

	Einstakl.	Kest.	Nem.st.
Síminn - undirbúningsfundir	20	8	160
Síminn - einstaklingsviðtöl	16	1,5	24
Suðurnes - Færnimappa	8	12	96
Suðurnes - Einstaklingsviðtöl	1	5	5
Félagsliðar - færnimappa	10	6	60
Félagsliðar - einstaklingsviðtöl	4	1	4
<b>Samtals:</b>	<b>59</b>	<b>33,5</b>	<b>349</b>
<b>Fjöldi þátttakenda</b>	<b>59</b>		
<b>Fjöldi verkefna</b>	<b>3</b>		
<b>Meðallengd verkefnis:</b>	<b>11</b>		

## Önnur undirbúnings- og þjónustuverkefni 2004.

- Ársfundur FA á Nordica 23. nóvember  
80 þátttakendur í 4 kst. 320 nemendastundir
- Nemar í námsráðgjöf hjá FA 19. nóvember  
18 manns í 2 kst. 36 nemendastundir
- Nemar í námsráðgjöf í HÍ 16. nóvember  
15 manns í 3 kst. 45 nemendastundir.
- Kynning á starfsemi FA vegna verkefnisins Bættu um betur 10. nóvember  
10 manns í 3 kst. 30 nemendastundir
- Kynning í HÍ í námskeiðinu Skipulag fræðslu 9. nóvember  
12 nemendur í 1,5 kst. 18 nemendastundir
- Kynning í norrænum alþýðufræðsluhópi í Kaupmannahöfn 2. nóvember  
6 manns í 1 kst. 6 nemendastundir
- Kynning í HÍ í námskeiðinu Kenningar um fullorðinsfræðslu 18. október  
12 nemendur í 3 kst. 36 nemendastundir
- Kynning fyrir þingmenn Samfylkingarinnar hjá FA 15. október  
5 þingmenn í 4 kst. 20 nemendastundir
- CEDEFOP hópur í heimsókn hjá Eflingu-stéttarfélagi 7. október  
15 manns í 1,5 kst. 22 nemendastundir.
- Félag náms og starfsráðgjafa hjá FA 17. september  
18 manns í 2 kst. 42 nemendastundir.
- Kynning á starfsemi FA hjá KVASI 6. ágúst  
9 manns í 3 kst. 27 nemendastundir
- Kynning á verslunarnámi í Samkaup 10. júní  
3 manns í 1,5 kst. 5 nemendastundir
- Kynning á verslunarnámi í Högum 14. júní  
2 manns í 1,5 kst. 3 nemendastundir
- Kynning á verslunarnámi í Essó 23. júní  
4 manns í 1,5 kst. 6 nemendastundir
- Kynning á verslunarnámi í Kaupási 24. júní  
2 manns í 1,5 kst. 3 nemendastundir
- Kynning á FA á fundi norrænna samtaka í matvæla og hótलगreinum 28. maí  
8 manns í 1 kst. 8 nemendastundir
- Kynning á starfsemi FA fyrir fræðsludeild Iðntæknistofnunar 27. apríl  
3 manns í 4 kst. 12 nemendastundir
- KHÍ ráðstefna nema í fullorðinsfræðslu 26. apríl  
80 manns í 0.75 kst. 60 nemendastundir
- Menntahópur Samfylkingarinnar á Akureyri 17. apríl  
5 manns í 3 kst. 15 nemendastundir
- Kynning á starfsemi FA fyrir Landsmennt og Starfsafli 1. apríl

2 manns í 5 kst.	10 nemendastundir
Ráðstefna um símenntun á Íslandi í Háskóla Íslands 26. mars 90 manns í 1 kst..	90 nemendastundir
Kynning á FA á fundir með ferðapjónustuaðilum á Húsavík 24. mars 6 manns í 2 kst.	12 nemendastundir
Kynning á FA fyrir Fjölmennt 19. febrúar 1 maður í 2 kst.	2 nemendastundir
Fundur með formanni starfsgreinaráðs verslunar og þjónustu 17. febrúar 1 formaður í 1 kst.	1 nemendastund
Kynning á FA í Verslunarskólanum í Lyngby, HK, Handel og serv. 16-17 feb. 5 manns í 1 kst.	5 nemendastundir
Kynning á FA hjá Starfsgreinaráði í hönnunar og handverksgreina 5. febrúar 5 manns í 2 kst.	10 nemendastundir
Kynning á FA hjá Fjölmenningu 26. janúar 2 manns í 2,5 kst.	5 nemendastundir
11 fundir í fyrirtækjum og stofnunum til kynningar á verkefninu Námsráðgjöf á vinnustaðnum og möguleikum starfsmanna á ráðgjöf. 156 manns í 1,5 kst.	234 nemendastundir

**Samtals 1077 nemendastundir**

## Samanburður á fjárhagsáætlun og rauntölum

Árið 2004	Fjárhagsáætlun		Rauntölur	Mismunir
<b>Tekjur:</b>				
Fjárveiting úr ríkissjóði (áæ. hækkun)	62.700.000		61.500.000	-1.200.000
Leigutekjur	4.440.000		4.922.101	482.101
Sértekjur	7.500.800		5.736.977	-1.763.823
Vextir	0		1.242.391	1.242.391
<b>Gjöld:</b>				
Laun	25.434.000		23.344.648	2.089.352
Verkefnaáætlun	6.000.000		733.803	5.266.197
Launat. Gj. 20% á laun og verke.r.	6.376.800		5.050.643	1.326.157
Sérfræðipjónusta - Mímir bókhald	1.800.000		1.800.000	0
Sérfræðipjónusta	3.000.000		2.126.915	873.085
Rékkstrarl. á tækjum og hugb.	1.800.000		1.356.058	443.942
Húsbúnaður og tæki	280.000		337.758	-57.758
Tölvubúnaður og fjarskiptalagnir	660.000		616.320	43.680
Húsaleiga	17.100.000		17.133.727	-33.727
Hiði og rafmagn, ræsting, öryggisg.	2.520.000		1.933.916	586.084
Viðhald starfsaðstöðu	600.000		509.504	90.496
Rékkstur skrifstofu	3.150.000		2.274.544	875.456
Upplýsingakerfi v.				
Gagnagrunns	1.800.000		229.777	1.570.223
Námskeið starfsmanna	450.000		307.272	142.728
Ferðakostnaður	900.000		1.202.326	-302.326
Akstur starfsmanna/dagpeningar	1.970.000		1.862.293	107.707
Kynningarkostnaður	0		3.528.046	-3.528.046
Annað ófyrirséð	800.000		78.134	721.866
Vaxtagjöld	0		6.577	-6.577
Afskriftir	0		770.665	-770.665
	<u>74.640.800</u>	<u>74.640.800</u>	<u>65.202.926</u>	<u>8.198.543</u>
Rekstrarafgangur			<u>65.202.926</u>	<u>-1.663.692</u>
				<b>Ólokið</b> 6.534.851